

Til allsherjarnefndar
Elín Valdís Þorsteinsdóttir, nefndaritari.

Alþingi
Erindi nr. P 136/923
komudagur 24. 2. 2009

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið vísar til bréfs allsherjarnefndar dags. 17. þ.m. þar sem ráðuneytinu er sent til umsagnar tillaga til þingsályktunar um lögfestingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins, 13. mál.

Vegna framangreindrar beiðni vill ráðuneytið taka fram að þann 13. júní 2007 var samþykkt á Alþingi þingsályktun um aðgerðaáætlun til fjögurra ára til að styrkja stöðu barna og ungmenna. Í athugasemdum með þingsályktunartillögunni kemur fram að þar sem dóms og kirkjumálaráðuneytið skuli semja greinargerð um stöðu samngins Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins að íslenskum lögum í dag og reifa álitamál sem tengjast lögfestingu hans. Ráðuneytið hefur falið Ragnhildi Helgadóttur prófessor við Háskólann í Reykjavík að semja umrædda greinargerð og er búist við að greinargerðin liggi fyrir í vor. Telur ráðuneytið rétt ákvörðun um hvort samningurinn verði lögfestur verði ekki tekin fyrir en þessi greinargerð liggur fyrir.

Með kveðju
Bryndís Helgadóttir